Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:37 Page 1

VÍNBLAÐIÐ

6. tbl. 2. árg. desember 2004



VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

Vöruskrá *Vín með jólamatnum* *Gæðaverðlaun* *Freyðivínskokteilar*

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:37 Page 2



EFNISYFIRLIT

ÁTVR VERÐLAUNAÐ 3

HVERNIG VELUR ÁTVR SAMSTARFSAÐILA? 4

FRÉTTIR 5
Ný vínbúð í Keflavík
Vín með jólamatnum
Glæsileg vínsýning á Nordica hotel

VÍNNÁMSKEIÐ 7

VÍN Í GJAFAUMBÚÐUM 7

SMÁIR RÉTTIR 8

ÚTGÁFA 11

JÓLAVÍNIN 12

PINOT NOIR 15

FREYÐIVÍNSKOKTEILAR 16

NÝTT Í KJARNA 17

ÝMISLEGT 22

Vínblaðið, 6.tbl. 2. árg. desember 2004
Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR
Ábyrgðarmaður: Höskuldur Jónsson ● Ritstjóri: Þórdís Yngvadóttir
Ritstjórn: Einar Snorri Einarsson, Páll Sigurðsson, Þórdís Yngvadóttir
Greinar eftir Christina Heina Liman, Pál Sigurðsson, Einar Thoroddsen, Höllu Báru Gestsdóttur.
Samantekt á vöruskrá: Skúli Þ. Magnússon ● Myndir: Andreas Bennwik, Áslaug Snorradóttir, Corbis.com, Gunnar Sverrisson, Sigrún Kristjánsdóttir
Hönnun: Fíton ehf. ● Umbrot: ÁTVR ● Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Öll verð og verðbreytingar birt með fyrirvara um prentvillur. Öll verð birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbud.is Áskilinn er réttur til leiðréttinga.

VÖRUSKRÁ 24
Rauðvín 24
Hvítvín 40
Rósavín 48
Freyðivín 48
Vörur í gjafaumbúðum 50
Gjafaumbúðir 50
Jólavín og -bjór 50
Nuvo vín 50
Lífrænt ræktuð vín 51
Kassavín 51
Óáfeng vín 51
Styrkt vín: Sérrí, Marsala, Portvín, Vins doux naturel 52
Síder 53
Ávaxtavín 53
Kryddvín 53
Aperitíf 53
Cognac 54
Armagnac 55
Brandí 55
Calvados 55
Grappa 55
Viskí 55
Romm 56
Tekíla 57
Vodka 57
Gin 57
Sénever 58
Akvavit 58
Anís 58
Snafs 58
Líkjör 58
Bitter 60
Aðrar tegundir 60
Bjór 62

VÖRUR Í STAFRÓFSRÖÐ 62

AFGREIÐSLUTÍMI YFIR HÁTÍÐIRNAR 82

AFGREIÐSLUTÍMI VÍNBÚÐA 83

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 3

GÆÐAVERÐLAUN 2004

ÁTVR hlaut Íslensku gæðaverðlauni 2004. Íslensku gæðaverðlaunin voru veitt ÁTVR á alþjóðlega gæðadaginn sem haldinn er hátíðlegur annan fimmtudag í nóvember ár hvert. Íslensku gæðaverðlaunin eru sú viðurkenning sem flest fyrirtæki vildu helst hljóta. Markmið þeirra er að veita fyrirtækjum og stofnunum viðurkenningu fyrir raunverulegan stjórnunarárangur og jafnframt hvetja fyrirtæki til að setja sér skýr markmið og leggja mat á árangurinn reglulega.
Það, sem gerir þessi verðlaun sérstæð, er að til þeirra verður ekki unnið án þátttöku nánast allra starfsmanna fyrirtækisins. Viðmót starfsmanna, þjónustustig fyrirtækisins, reglusemi hvers konar í rekstri, starfsumhverfi, starfsfyrirmæli og stefna eru svo samtvinnuð að um eitt atriði verður ekki fjallað án samhengis við annað.
Matsnefnd Íslensku gæðaverðlaunanna gaf umsögn um störf ÁTVR. Er þar svo að orði komist:
Væntingar okkar til ÁTVR fyrir heimsóknina var að þetta fyrirtæki bæri keim af hefðbundnu opinberu fyrirtæki en upplifun matsmanna í heimsókninni var með þeim hætti að um framsækið þjónustufyrirtæki væri að ræða.
Setningin ber vott um varfærna nálgun matsmanna að viðfangsefninu. En eftir að hafa rætt við starfsmenn í fyrirtækinu, sem þeir sjálfir völdu til viðtals, og skoðað verk þeirra og viðhorf varð leiðin ljós til ákvarðanatöku. Lokaorðin í matsgerðinni eru þessi:
ÁTVR er fyrirtæki sem sinnir sínu þjónustuhlutverki af slíkri elju og þrautseigju og með tilheyrandi árangri að hin bestu þjónustufyrirtæki á landinu mættu vera stolt af. Gildir einu hvort um fyrirtæki í einka- eða opinberum rekstri væri að ræða.
Það er mér sérstaklega kært að kynna þér, lesandi góður, þessa niðurstöðu með von um að þú njótir góðrar þjónustu og fræðslu í vínbúðunum og þér þyki gaman að koma í þær.

Lifum, lærum og njótum.
Höskuldur Jónsson, forstjóri.



Verðlaunagripurinn var glæsilegt höggmynd eftir Pál Guðmundsson, listamann á Húsafelli. Páll notar efnivið af jörð sinni.



Forsætirráðherra, Halldór Ásgrímsson afhenti Höskuldi Jónssyni, forstjóra ÁTVR gæðaverðlaunin.

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 4

HVERNIG VELUR ÁTVR SAMSTARFSAÐILA?

Nýverið fjallaði Fréttablaðið um val ÁTVR á aðila til samstarfs um rekstur vínbúðar í Hveragerði. Forstjóri ÁTVR leitaði samdægurs eftir birtingu í Fréttablaðinu á bréfi sem hér fer á eftir. Sú ósk var ekki virt. Bréfið er því birt í Vínblaðinu.

Í Fréttablaðinu, 1. desember, eru tvær greinar um samstarf ÁTVR við Olíufélagið ehf. Fullyrt er að ÁTVR verði stefnt vegna lögbrota í samskiptum við keppinauta Olíufélagsins ehf. í Hveragerði um samstarf um rekstur Vínbúðar. Leitar blaðið til Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, eiganda verslunarmiðstöðvarinnar Sunnumarkar og til bæjarstjórans, Orra Hlöðverssonar, eftir réttlætingu á málarekstrinum.

Nú eru 16 ár liðin frá því ÁTVR hóf samstarf um rekstur vínbúða við ýmsa er veita einkarekna þjónustu. Val á leiguhúsnæði og samstarfsaðila hefur alltaf verið með sama hætti, hafi því verið við komið.

Ferillinn í Hveragerði var þessi:

ÁTVR fékk leyfi sveitarstjórans til að leggja fram möppu á skrifstofu sveitarfélagsins með upplýsingum um væntanlega vínbúð. Auk upplýsinga um stærð húsnæðis og hvers ætlast sé til af samstarfsaðila voru sýnd drög að húsaleigusamningi og samstarfssamningi og gerð grein fyrir líklegum afgreiðslutíma vínbúðarinnar og kjörum verslunarstjóra ÁTVR.

Samtíma framlagningu gagna voru birtar auglýsingar í blöðum með yfirskriftinni:

Leiguhúsnæði - Samstarfsaðili óskast í Hveragerði

Hvergi í gögnum eða auglýsingu var minnst á útboð. Í lok auglýsingarinnar segir:

Með allar upplýsingar verður farið sem trúnaðarmál.

Tilboð er greini hvenær leigutími geti hafist, stærð húsnæðis, húsaleigu og þjónustugjöld berist skrifstofu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík eigi síðar en 21. apríl 2004.

ÁTVR valdi hagkvæmasta kostinn

Þótt hér hafi ekki verið um útboð eða útboðsskylda þjónustu að ræða, óskaði ÁTVR að fulltrúi Fjármálaráðuneytisins yrði viðstaddur opnun tilboðanna, sem og varð. Þar sem tekið var fram í auglýsingu ÁTVR að með upplýsingar tilboðsgjafa yrði farið sem trúnaðarmál, var ekki tilefni til að biðja um nærveru tilboðsgjafa.

Langhagstæðasta boð í krónum talið átti Olíufélagið ehf. Næsthæsta boð var frá Múrási ehf. Hæsta boð átti Hagar hf / Bónus.

Stærð húsnæðis var hjá öllum innan marka sem tilgreind voru í auglýsingunni.

Skýrt skal tekið fram, að ÁTVR telur sig ekki þurfa að taka lægsta boði í krónum talið. Húsakynni og staðsetning þess er misgóð, mat á rekstrarferli samstarfsaðila er ekki á



peningastiku og því síður á hæfni hans til að veita þjónustu samkvæmt gæðakröfum ÁTVR. Að huglægu og peningalegu mati loknu ákvað ÁTVR að ganga til samninga við Olíufélagið ehf.

Með bréfum dags. 5. maí 2004 var öðrum tilboðsgjöfum kynnt þessi ákvörðun svo og leitað eftir staðfestingu Hveragerðisbæjar og Sýslumannsins á Selfossi á, að engir þeir annmarkar væru á staðsetningu vínbúðar eða húsakynnum er valdið gætu synjun á umsókn ÁTVR um að reka vínbúð í húsakynnum Olíufélagsins ehf.

Bréf barst frá Hveragerðisbæ dags. 13. maí og segir þar svo:

Eftirfarandi fært til bókar:

„1.1. ÁTVR frá 5. maí 2004.

Í bréfinu er spurt hvort Hveragerðisbær geri athugasemdir út frá staðarvali vínbúðar á vegum Esso í húsnæði á lóð fyrirtækisins að Breiðumörk 1.

Bæjarráð samþykkir með tveimur atkvæðum að gera ekki athugasemdir við staðarval vínbúðar á umræddri lóð enda um verslunar- og þjónustulóð að ræða. Aldís Hafsteinsdóttir sat hjá.“

Að fengnu nefndu bréfi frá Hveragerðisbæ og jákvæðri umsögn sýslumanns, gekk ÁTVR til samninga við Olíufélagið ehf.

Í gögnum ÁTVR sjást þess engin merki að Sveinbjörn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri SS verktaka, hafi sent inn tilboð. Óskiljanlegt er því, hvers vegna Fréttablaðið kallar hann til sem aðila þessa máls.

Til þess er mælst að ofangreindrar skýringar ÁTVR verði birtar sem fyrst í Fréttablaðinu og fái sambærilegan sess og sú frétt blaðsins, sem er tilefni þessara skrifa.

Virðingarfyllst,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
Höskuldur Jónsson, forstjóri

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 5

NÝ VÍNBÚÐ Í KEFLAVÍK

Vínbúðin í Keflavík var flutt á aðalgötu Reykjanesbæjar, Hafnargötu 51-55 snemma í desember. Töluverðar breytingar voru gerðar á húsnæðinu áður en flutt var, t.d. settir nýir gluggar sem gera búðina bjarta og skemmtilega. Eyjólfur Eysteinsson er verslunarstjóri. Vínbúðin er opin milli 11 og 18 mánudaga til fimmtudaga, 11 til 19 föstudaga og 11-14 laugardaga.

BREYTINGAR Á VÍNBÚÐINNI NESKAUPSSTAÐ

Vínbúðin á Neskaupsstað breytti um svip um miðjan nóvember. Hún var sett í nútímalegan búning og gerður nýr inngangur. Verslunarstjóri Vínbúðarinnar er Laufey Þóra Sveinsdóttir og er búðin opin milli 14-18 alla virka daga. Vínbúðin er rekin í samstarfi við fyrirtækið Sún.

VÍN MEÐ JÓLAMATNUM Í VÍNBÚÐUM



Í Vínbúðunum fæst bæklingurinn **Vín með jólamatnum** út desember. Bæklingurinn er ætlaður til þess að auðvelda valið á víninu með hátíðarmatnum og er honum skipt í helstu matarflokka fyrir hátíðirnar, en það eru *Fordrykkir og eftirréttir*, *Fiskréttir*, *Ljóst kjöt*, *Reykt kjöt*, *Nautakjöt* og *Villibráð*. Undir hverjum flokki eru vín sem innflutingsaðliar áfengis mæla sérstaklega með, en alls eru það 105 vín sem koma fram í bæklingnum.

GLÆSILEG VÍNSÝNING Á NORDICA HOTEL

Helgina 20.-21. nóvember sl var haldin stórglæsileg vínsýning á Nordica Hotel á vegum Vínbúða og Vínþjónasamtaka Íslands. Þemað var ***Vín með jólamatnum*** í tilefni að útkomu samnefnds bæklings Vínbúða. Um tuttugu innflytjendur léttvína kynntu ótrúlega fjölbreytt úrval vína. Auk þess kynnti Sandholts bakarí Valhrona súkkulaði, Osta-og smjörsalan, Ostabúðin Skólavörðustíg kynntu girnilegar krásir. Fjöldi gesta kom og fengu allir Riedels-glas til að smakka vínin sem kynnt voru á sýningunni og máttu þeir taka glasið með sér heim. Fyrsta daginn voru fyrirlestrar. Höskuldur Jónsson hjá Vínbúðunum hélt fyrirlestur um hvernig vín eru valin inn í Vínbúðirnar og Tomas Rodriguez frá Morandé vínframleiðandanum hélt fyrirlestur um vínlandið Chile og Morandé-vín. Á sunnudeginum héldu Þorri Hringsson og Sævar Már Sveinsson vínþjónn fyrirlestra um vín með mat. Úrslit í æsispennandi spurningakeppni vínklúbba voru þau að lið Allied Domecq sigraði. Einnig var valinn fallegasti sýingarbásinn og hlaut Allied Domecq einnig þann titil.

Eins og sjá má á myndunum var sýningin stórkostleg veisla fyrir bragðlaukana.



Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 6



HEITIR DRYKKIR

Það er notalegt að ná úr sér hrollinum með heitum drykk.
Hér eru uppskriftir að fjórum ólíkum rauðvínsdrykkjum og Irish coffee

JÓLAGLÖGG

1 flaska rauðvín
6 cl. vodka eða gin
5 negulnaglar
2 muldar kardimommur
2 kanilstangir
1-1½ dl. sykur
Börkurinn af ½ appelsínu skorinn í fína strimla, passa þarf að skilja hvíta hlutann eftir.
Afhýddar möndlur og rúsínur.
Hitið upp vínið ásamt kryddinu og látið taka sig í nokkrar mínútur við góðan hita án þess þó að láta sjóða. Bætið síðan sykri og appelsínuberki út í og hrærið, haldið heitu í nokkrar mínútur í viðbót. Berið fram sjóðandi heitt með rúsínum og möndlum.

GLÜHWEIN

1 flaska rauðvín
1 appelsína
20 negulnaglar
1 vanillustöng
sykur
Látið rauðvínið í pott. Skerið langsum eftir vanillustönginni, stingið negulnöglunum í appelsínuna og látið út í rauðvínið. Hitið upp og látið kryddið taka sig, bragðbætið með sykri eftir smekk. Berið fram heitt.

HEIT RAUÐVÍNSBOLLA

1 flaska rauðvín
¼ dl. sterkt te
3 cl. romm
1 dl. sykur
Safi og fínt skorinn börkur úr ½ sítrónu
½ kanilstöng
3 negulnaglar
Hellið nýlöguðu te í pott. Látið allt nema rommið út í og hitið upp án þess að láta sjóða. Bætið romminu út í, sigtið og berið fram rjúkandi heitt.

RAUÐVÍNSTODDÝ

Fyrir 1
15 cl. rauðvín
1 sítrónubátur
2 tesk. sykur
múskathneta
Látið sítrónubátinn og sykurinn í hátt glas. Hitið upp rauðvínið og hellið í glasið. Rífið múskatið yfir.

IRISH COFFEE

3 cl. írskt viskí
1-2 tesk púðursykur
Sterkt nýlagað kaffi
Léttþeyttur rjómi
Látið sykurinn í rauðvínsglas ásamt viskíinu, bætið kaffi út í en skiljið eftir pláss fyrir rjómann, hrærið vel í og hellið síðan rjómanum yfir bakið á súpuskeið svo hann sitji ofan á án þess að blandast saman við.

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 7



VÍNSKÓLI EÐALVÍNA

Vínskóla Eðalvína var hleypt af stokkunum þann 23. september s.l. með námskeiðinu ***Matur og vín***. Áætlað er að hafa vínnámskeið vikulega í vetur þar sem aðalþemað er ***Matur og Vín***. Farið er vandlega yfir gagnvirkni víns og matar, matartegundir eru teknar fyrir og athugað hvernig vínin breytast.

Námskeiðin hafa verið mjög vel sótt og fleiri þemu munu bætist við. Framhaldsnámskeið um mat og vín verður haldið þar sem bragðlaukarnir og minnið verður þjálfað með blindsmakki. Syrpa námskeiða verður haldin þar sem fjallað verður um eina þrúgu en á mismunandi svæðum, eitt svæði tekið fyrir (t.d. Ítalía) með sérfræðingi í vínum frá því landi. Leiðbeinendur eru Þorfinnur Guttormsson, Jón Páll Haraldsson og Dominique Plédel Jónsson, sem hafa öll mjög viðtæka reynslu af vínheiminum.

Að auki fá allir þátttakendur afhenta miða sem gildir sem 20% afsláttur á mörgum veitingahúsum í miðborginni, afsláttur-inn gildir fyrir mat og vín sama kvöld og námskeiðið er haldið.

Námskeiðin hefjast kl 18 og standa yfir í rúman klukkutíma. Þau kosta aðeins kr. 1500.-

Allar upplýsingar um námskeiðin eru á heimasíðu Eðalvína: www.edalvin.is/edalvin/namskeid



VÍN Í GJAFAUMBÚÐUM



Nú er hægt að kaupa vín í glæsilegum gjafaumbúðum í flestum stærri Vínbúðum. Úrvalið er þó mest í Vínbúðunum Heiðrúnu, Kringlunni og í Smáralind en um þrjátíu tegundir af alls kyns gjafaöskjum með léttvínum og sterku áfengi standa þar til boða. Gjafapakkningarnar eru misjafnar, allt frá því að vera veglegar gjafaöskjur utan um vín, yfir í alls kyns fylgihluti eins og glös, upptakara og vínsett sem fylgja.

Allar gjafategundirnar er hægt að sérpanta í Heiðrúnu. Nánari upplýsingar um úrval og verð gjafavaranna má sjá í Vöruskránni á bls. 50.

Einnig er vert að benda á að hægt í flestum Vínbúðum er hægt að kaupa gjafaumbúðir fyrir vínflöskur. Annars vegar er um að ræða gjafapoka og gjafaöskjur fyrir eina flösku í nokkrum litum og kosta þeir 250 kr. Hins vegar tveggja flösku öskjur í nokkrum litum á 350 kr.

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 8



SMÁIR RÉTTIR

SKEMMTILEG STEMMNING

Umsjón Halla Bára Gestsdóttir / Myndir Gunnar Sverrisson

Nú er tími smáréttanna enda fingramaturinn sannkallaður stemmningsmatur þegar vinir og ættingjar hittast á aðventunni. Með þessum girnilegu og auðveldu réttum er upplagt að bera fram freyðivín svo sem kampavín, þurrt rósavín, riesling frá Ástralíu eða Alsace. Sauvignon Blanc frá Nýja Sjálandi á einnig mjög vel við.

Það er hægt að kaupa ógrynni af kexi til að bera fram með ídýfum, ostum og öðru góðgæti. En það er miklu skemmtilegra að búa það til sjálfur og sérstaklega ef það er fljótlegt og fyrirhafnarlítið.

FÍLÓKEX

Fílódeig, frosið í pakka
Egg
Salt
Kryddjurtir, helst ferskar, t.d. kóríander og steinselja
Olía til steikingar

Látið deigið þiðna. Takið eitt blað og smyrjið með hrærðu eggi. Sáldrið salti og söxuðum kryddjurtum yfir. Smyrjið annað blað og leggið yfir. Þrýstið saman og pikkið með hníf. Snyrtið endana. Hitið olíu í pönnu, nógu mikið að fljóti vel um kökuna. Steikið kökuna báðum megin, þar til hún verður gullin að lit. Leggið á eldhúsbréf og látið olíuna renna af henni. Skerið í smærri bita eða látið brjóta af kökunni. Berið fram með ídýfu eða öðru góðgæti.



PARMESAN-KEX

Smjördeig, frosið í pakka
Rifinn parmesanostur
Salt og svartur pipar

Fletjið smjördeigið aðeins út. Stingið út hæfilega stóra hringi, t.d. með glasi. Pikkið kökurnar með hnífsoddi. Setjið þær á bökunarpappír. Stráið ostinum yfir, saltið og piprið. Bakið við 200 gráður í 10 mínútur. Ef kökurnar rísa hátt er um að gera að ýta þeim niður með spaða meðan á bakstri stendur. Berið fram með ídýfu en einnig upplagt að skreyta sem snittur.

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 9

Ídýfur eru góðar á smáréttaborð ... svona til að dýfa í góðu kexi. Þessi setur svip með litagleði en hún er líka bráðholl sem er ekki verra.

ÍDÝFA MEÐ AVÓKADÓ OG GRASLAUK

Avokadó
1 hvítlauksrif
2 msk fersk steinselja
1 msk ferskur graslaukur
2 msk limesafi
2 msk hrein jógúrt
Salt og svartur pipar

Takið kjötið úr avókadóinu. Setjið allt hráefnið í matvinnsluvél og maukið. Berið fram með parmesan- og fílókexinu.





Ostur í einhverri mynd er ómissandi þegar kemur að fingramatnum. Hér er hann borinn fram á sætu nótunum.

OSTAFYLLTAR KOKTEILSKÁLAR MEÐ ÁVÖXTUM

Salat/kokteilskálar, fást tilbúnar í verslunum
Góð sulta eða chutney, t.d. aprikósusulta, plómu- eða eplachutney
Blámygluostur, t.d. Dala-yrja
Jarðarber, í bitum
Perur, í þunnum sneiðum
Kirsuber
Síróp, t.d. pönnukökusíróp eða Maple-síróp

Setjið smá sultu í botninn á skálunum. Skerið ostinn í þunna bita og setjið einn í hverja skál. Þá ber eða perubita ofan á. Dreypið smá sírópi yfir hverja skál og hitið í 200 gráðu heitum ofni þar til osturinn er bráðinn. Berið fram heitt.

Lax er klassískur á smáréttaborðið og margir eiga hann reyktan í frystikistunni. Hann er góður smábiti.


LAXARÚLLUR MEÐ MASCARPONEKREMI

250 g þunnt sneiddur reyktur lax
2 msk piparrótarsósa
450 g mascarpone-ostur
2 msk ferskur graslaukur
1 msk ferskt dill
Salt og svartur pipar

Skerið laxinn þunnt og hafið sneiðarnar um 4 cm á breidd og 8-10 cm á lengd. Setjið annað hráefni í matvinnsluvél og maukið. Setjið um 1 msk af kreminu á laxasneið og rúllið upp. Skreytið með söxuðum jurtum. Kælið þar til borið er fram.



Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 10



MOLAR

Ú R Ý M S U M Á T T U M

Mynd: ©corbis.com

Vatn með víni

Það er góð regla að bera fram vatn með víni. Vatnið slekkur þorsta betur en vín. Í raun er áfengi þurrkandi fyrir líkamann svo að vatn er nauðsynlegt mótvægi.




Sætt vín með sætum eftirrétti

Þumalfingursreglan er að vín sem borið er fram með sætum eftirrétti sé sætara en rétturinn sjálfur. Annars er hætt við að vínið virki hvasst og jafnvel súrt. Sæt hvítvín geta hæft vel sætum eftirréttum. Portvín og sætt sérrí eru líka vinsæl. Sæt vín henta einnig vel með gráðostum.

Eitt og annað

- Það eru um 600 vínber í einni léttvínsflösku.
- Vínviður er ekki bara vínviður. Það eru ræktaðar um 10 þúsund mismunandi tegundir vínviðs.
- Sagt er að rauðvín hafi svo flókna efnasamsetningu að í því sé að finna fleiri efni en í blóði.
- Líklegt er að vínrækt sé stunduð á um það bil 20 milljónum ekra.
- Ef rúsína er sett út í kampavínsglas, skoppar hún upp og niður eins og jó-jó.
- Bragð og fylling í viskí ræðst af stærð kornins sem það er búið til úr. Því minna sem kornið er því bragðmeira og fyllra verður viskíið. Viskí úr rúgi, sem er smátt korn, er almennt bragðmeira en viskí úr korni sem er stærra um sig.

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 11



NÝ VÍNBÓK

Nýverið kom út bókin ***Léttvín*** sem tileinkuð er léttum vínum og menningu þeirra.

Í kynningu á bókinni segir að höfundur bókarinnar, Steinarr Lár hafi einstakt lag á að draga fram það sem skiptir raunverulegu máli þegar kemur að meðferð og neyslu léttra vína. Eftir lestur þessarar bókar munu lesendur með auknum skilning og öryggi njóta léttvína betur og betur um ókomna framtíð.

Steinarr Lár hefur þrátt fyrir ungan aldur starfað við sölu og markaðsetningu á áfengi í tæpan áratug og á þeim tíma aflað sér víðtækrar þekkingar á sviði áfengis. Hann er meðlimur í Vínþjónasamtökum Íslands og vann nýverið með liði sínu keppnina *Vínklúbbur ársins*. Sú keppni var haldin á sýningunni Vín 2004 sl. nóvember og fól í sér skrifleg próf auk blindsmökkunar.

Bókin hefur vakið mikla athygli fyrir stílhreina uppsetningu og glæsilegar ljósmyndir eftir Adda Jóhannsson.

Léttvín er tilvalin bók fyrir vináhugamanninn.


Bókin fæst í öllum betri bókabúðum og verslunum Hagkaupa

VÍNSMAKKARINN DVD DISKUR

Vínsmakkarinn er fróðlegur DVD diskur fyrir alla sem hafa áhuga á víni. Diskurinn hefur að geyma upplýsingar og fróðleik fyrir þá sem eru að byrja að læra um vín og fyrir lengra komna sem vilja læra meira. Fjallað er á einfaldan og skýran hátt um vinsælustu vínframleiðslulöndin í dag og helstu svæði þeirra. Vínþrúgum er lýst og einkennandi bragði þeirra. Sýnd er besta aðferðin við að opna kampavín og fjallað um mat og vín og margt fleira.

Leiðbeinandi á diskinum er Stefán Guðjónsson. Stefán er einn fremsti vínþjónn landsins og er meðal annars framreiðslumaður ársins 2004 og ritstjóri vínsíðunnar smakkarinn.is.

Vínsmakkarinn fæst meðal annars í Pennanum/Eymundssyni, Skífunni, Gallerí Kjöt, Ostabúðinni við Skólavörðustíg, Sandholtsbakaríi, Eyjabúðinni í Vestmannaeyjum og víðar.



Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 12



JÓLAVÍNIN

EINAR THORODDSEN

Hvað hefur verið sagt um jólavínin sem ekki hefur verið sagt áður og ekki á eftir að segja aftur? Allur sannleikur er nýr eins og þið vitið. Hann er eins nýr og hann er gamall. Ég geri ráð fyrir að þeir sem þetta lesi vilji ekki endilega heimspekilegar og ljóðrænar vangaveltur um vín og allan þann „töfraheim“ sem þau umlykur, frekar leiðsögn eins og Siggi Sixpensari þegar hann skreið heim og bað lögguna að benda frekar en segja hvenær ætti að beygja og eftir hve mörg umferðarljós. Með nýjum árum (umferðarljósum) koma ný vín og nýjar matartegundir (beygjur), og við höfum ekki þann blossa að geta séð hvað hvað fólk hefur á borðunum eins og litla stúlkan með eldspýturnar.

Hvað á að drekka á jólunum? Er ekki einhver aðferð við að velja vínin með matnum? Einhver mælti þá: „Segið mér hvað þér borðið og ég skal segja yður hvað drekka skal“. Nú er það þekkt mál að hverjum er frjálst að velja hvað sem er með hverju sem er. En burtséð frá því, hvað eigum við að drekka á jólunum? Hver er formúlan?

Formúlan er sáraeinföld. Það erfiða er að fylgja henni. Sumir segja að ABBA hafi farið eftir einhverri einfaldri formúlu. Af hverju fann hana þá enginn? Það sem hér fer á eftir fylgir tilölulega stranglega mínum eigin skóla, en skólarnir eru nokkuð margir eins og þið vitið.

Vín sem heita eftir þrúgunni eru mjög oft frá Nýja-Heiminum, Chardonnay, Riesling, Merlot, Pinot Noir o.s.frv. Þetta er náttúrulega „kidd stöff“ (afsakið slettuna). Erfiðleikarnir byrja gjarnan í Gamla-Heiminum. Chablis, hvað er það? Bordeaux, Mosel, Rioja, Barolo? Þessi svæði hafa oft lögbundið berjaval og það þarf ekkert endilega að koma fram á miðanum. „Jólavínin“ svokölluðu, nokkurra ára fyrirbæri, eru ekki endilega betri en önnur vín á jólunum. Sum þeirra eru hins vegar nokkurn veginn upp á sitt bezta á jólunum, enda ung og eiga að drekkast sem slík. Þar hefur verið talað um Beaujolais Nouveau sem er mjög létt vín (drekkist kælt) og ekki slæmt með ljósu fuglakjöti eða dökkum fiski. Það hefur verið notað með góðum árangri við hlaðborð, en þar er ég ekki til frásagnar. Hins vegar veit ég að „öl og snafs“ (brennivín og bjór) koma sér vel þar sem síldarrétt-ir eru fram bornir og ég geri ráð fyrir að skatan kæsta vilji eitthvað slíkt með sér (og þá mundu sumir jafnvel sleppa skötunni).

Þegar allt kemur til alls eru jólin ekki ein af drykkjuhátíðunum. Maður man eftir sögum af því, þegar pabbinn kom fullur heim á Þorláksmessu og var svo tiltölulega einskisnýtur þar til er pakkar voru opnaðir og einhver þurfti að leika jólasvein. Þetta var á tímum hinna löngu drykkja. Ég geri ráð fyrir að hugtakið „long drink“ hafi misskilizt að því leytinu til, að sá sem fékk sér svoleiðis hafi haldið að þar yrði nauðsynlega að verða úr nokkurra daga túr. Svona nokkuð hefur verið að breytast undanfarna áratugi og léttu vínin hafa haldið innreið sína, að maður tali nú ekki um bjórinn. Nú er sjaldséðara að maður sjái útúrdrukkna „menn“ vafra um, vitandi ekkert í sinn haus enda má búast við að „þeir“ sem drekka bjór eða léttvín séu saddari af magafylli.

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 13

Þjóðardrykkurinn Appelsín og Malt (Maltisín) er náttúrulega kjörinn fyrir okkur sem ekki drekka áfengt og/eða aka bíl, en burtséð frá honum skýrast málin á þennan veg með vissum málalengingum þó:

Fordrykkur: Sami og á páskum. Eitthvað sem kemur munnvatninu af stað.

Fois Gras (anda-gæsalifur): Grand cru (fyrsta yrki) frá Alsace, Pinot Gris eða Gewurztraminer. Sauternes. Tokaji frá 3 og upp í 6 putta (puttonos, en það er önnur saga). Vínið þarf að vera sætt, dálítið til talsvert, ríkidæmi á móti ríkidæmi. Alls ekki Chardonnay hef ég lesið. Fékk þó feitan Mörsug (Meursault) með um daginn. Passaði perfekt. Þarna sjáiði.

Skelfiskur og fiskur með „horaðri“ sósu: Sauvignon (Fumé) Blanc, þ.á.m. Sancerre og Pouilly Fumé, Riesling (Þýzkaland (ekki of sætt), Alsace, Nýja-Sjáland, Ástralía), Chablis (Chardonnay), létt Chardonnay frá Pay´Oc, Viognier.

Feitari og bragðmeiri fiskur (t.d. lúða, lax): Chardonnay, þ.á.m. Bragðmeiri Chablis, Borgundar (Chardonnay) eins og Pouilly Fuissé, Meursault, Puligny-Montrachet, Chassagne-Montrachet, St. Aubin. Pinot Gris (Alsace), Pinot Grigio o.s.frv. Ekki of eikuð Chardonnay frá Nýja-Heiminum (s.s. ekki þau aldýrustu). Beaujolais, Pinot noir (þ.á m. Rauðir Borgundar), með saltfiski Rioja, Ribera del Duero.

Tómatsúpa: Bara eitthvað.

Kjúklingur, Kalkún: Chardonnay, Pinot Gris (Grigio), Beaujolais (þá þorpin, sem heita Brouilly, Moulin-a-Vent, Morgon o.s.frv.), Borgundur (Pinot Noir), Pinot Noir annars staðar frá.

Önd: Rauður Borgundur (eða annar góður Pinot Noir), Cab. Sauv. ef um er að ræða íslenska villiönd.

Gæs: Ekki nógu villt (nema heiðargæs) til að kallast algjör villibráð (þetta étur grasið á golfvöllunum þar sem ekki er búið að slá), þess vegna Merlot/Cabernet (og þar komum við að hlutum eins og Pomerol/St. Émilion, sem brúa vel bilið milli C.S. og P.N.) eða Pinot Noir. Barolo, Brunello, Chianti.

Naut, kálfur, svínasteik: Borgundar og Pinot Noir, Rioja, Ribera del Duero, Betri Beaujolais (þorpin). Barolo og Rónarvín þegar sósan er magnaðri.

Hamborgarhryggur og reykt skinka: Beaujolais, Cotes-du-Rhone, Chateauneuf-du-Pape, Cote-Rotie, Hermitage, Shiraz (við munum öll að í Frakklandi og á einstaka öðrum stöðum heitir þrúgan Syrah en víðast hvar annars staðar Shiraz) frá Nýja-Heiminum, Zinfandel, Gewurztraminer.

Lamb: Lamb kemur við á hálendinu á sumrin og nagar þá timjan (blóðberg), fjallagrös (veit ekki hliðstæðu) og þessi grös sem gera að verkum að lambið verður villibráð. Þess vegna Cab. Sauv. sem inniheldur að miklu leyti þessi sömu krydd. Þarna koma inn mildir til nokkuð kraftmiklir Borðeyringar sem flagga að mörgu leyti sömu kryddum. Chianti Classico og önnur Sangiovese-vín eru einnig asskoti góð (ef þau eru góð).



Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 14



Hangiðket: Prófa Gewurztraminer, en ef rautt er nauðsynlegt má notast við vín frá Rhone, þ.á.m. Chteauneuf-du-Pape og Shiraz frá Nýja Heiminum. Svo eru það þessi nýju Nero d´Avola og Primitivo.
Ostar: Frekar ung rauðvín. Jafnvel bragðmikil hvítvín með mildum ostum.
Gráðostur: Púrt, Sauternes.
Sykursöltuð (sænsk) skinka: Beaujolais, Borgundur, Pinot noir, Cote-Rotie, Chateauneuf-du-Pape.
Villibráð (hreindýr, rjúpa (næsta ár, geyma greinina), jafnvel svartfugl): Þarna kemur Cabernet Sauvignon eins og ég veit ekki hvað (sterkur inn). Bordeaux-vín frá Médoc og Graves (Pessac-Léognan) eru yfirleitt að miklu leyti C.S. en jafnframt mýkt með Merlot og smávegis annað kemur gjarnan til. Einnig Merlotþrungin vín frá St. Émilion og Pomerol. Margir heimta Rónarvín með villibráð. Bezta ráðið er að prófa bæði og láta samvizkuna dæma, helzt fyrir framan kviðdóm (veizlugesti).

Hvað með Púrtarann og Sérríið? Hvað er ykkar drykkur? Ef þú ert Sérrímanneskja þarftu varla mig til að ráðleggja þér. Mundu bara að Sérrí er missætt og að þau þurru eru þurr en þau sætu sæt. Svo eru sum á milli. Góð ein sér en passa oft flott með hinum og þessum hnetum eða eftirréttum. Sumir segja að Fino Sérrí sé bezti fordrykkur í heimi. Aðrir segja kampavín. Sumir bera fram einhverjar blöndur. Púrtvín eru (eða eiga að vera) öll sæt. Þau eru flest rauð og mismild. Má nota á svipaðan hátt og sérrí. Hægt er að halda fram að ekki sé til betri drykkur en Árgangspúrtvín. Hver er ég að mótmæla því?

Að þessu lesnu mætti velta fyrir sér muninum á Nýja- og Gamla-heiminum. Nýja-heimsvín eru yfirleitt ávaxtaríkari og „hitameiri“ en hin og jafnvel mýkri á bragðið. Hin eru gjarnan hvassari og e.t.v. þéttari í uppbyggingu og léttari í munni. Smekkur ræður vali, og til dæmis verð ég ekkert foj þó að eitthvað sé valið fram yfir annað (svo fremi að það sé rétta valið).

Ef þið hafið álpazt til að kaupa eitthvað dýrt verðið þið að athuga að sumt af því hefur safnað gruggi. Því þarf að umhella, þar á meðal Árgangspúrtvíni og jafnvel sumum LBV. Sú aðferðarfræði er kennd annars staðar.

Þá er þetta nú komið og minnir meira og meira á Fúsintesarþuluna. Munurinn er sá að þessu má breyta en ekki þulunni. Á hinn bóginn vantar örugglega eitthvað í þessa romsu og einnig gleymist alltaf eitthvað hverju sinni úr Fúsintesarþulunni.

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 15



Það er erfitt að gera góð vín úr Pinot Noir – en þau eru dásamleg þegar það heppnast!

Pinot Noir lifir hátt á fornri frægð. En hver er þessi Pinot Noir?

PINOT NOIR

Díva vínþrúgnanna

Texti: Christina Heinä Liman. Myndskreyting: Andreas Bennwik
Íslensk þýðing: Páll Sigurðsson
Áður birt í Bolaget, nr.5/2003, Fréttariti Systembolaget.
Birt með góðfúslegu leyfi Systembolaget í Svíþjóð

Þú ert algerlega einstök þrúga - eða á maður að þéra yður?

- Það segir sig sjálft.

Fer vel um yður?

- Ja-jú, en það mætti vera örlítið meiri andvari.

Engin þrúga er eins duttlungafull og erfið að gera góð vín úr?

- Ég þakka hólið.

Hvað er það eiginlega sem veldur?

- Það byggist á því hversu viðkvæm og vandmeðfarin ég er. Kringumstæðurnar þurfa að vera fullkomnar, virkilega algjörlega, til að ég sýni af mér mínar bestu hliðar.

Hvernig má lýsa fullkomnum aðstæðum?

- Virðing; fullkomin klipping; auðsveipir vínræktendur; hlýtt og gott en ekki heitt. Góð framræsla að sjálfsögðu, annars hættir mér til að lenda í vandræðum með laufblöðin. Ég fer ekki fúslega frá Bourgogne.

Er það vegna þess að vínræktendurnir þurfa að nostra svona við yður að þér eruð svona dýr?

- Nei, ég er dýr vegna þess að ég er viðkvæm og er það besta sem maður getur rekist á. Enginn getur eins og ég fengið víngagnrýnendur til að hreinlega missa sig við að lýsa eiginleikum mínum.

Það má jú sjá á verðinu. Flaska af Pinot Noir fæst varla undir 1200 – 1300 krónum.

- 1300 krónur! Allt undir 1600 krónum er rán, stuldur, misskilningur eða spurning um einhver léleg afbrigði.

Það eru ekki margir sem hafa efni á eða löngun til að borga svo mikið fyrir eina vínflösku.

- Fjölmargir þó, það mikilvæga er að þeir sem kunna að meta mig njóta þess. Alþýða manna einskorðar sig líklega við og sættir sig við takmarkaðri og ekki eins hárfína upplifun, eins og rioja eða primitivo-vín og þess háttar.

En ef þér hafið átt erfiðan dag getur maður reitt fram mörg þúsund án þess að fá peninganna virði.

- Vissa áhættu verður maður að taka, en sé heppnin með þér hitti ég beint í mark. Og þegar ég er upp á mitt besta verður ekkert rauðvín betra en ég!

PINOT NOIR Í HNOTSKURN

Litur: Yfirleitt ljósrautt

Ilmur: Rauð ber eins og jarðarber og hindber, oft kryddað með jurtatónum. Í eldri vínum má finna m.a. sveppi, haustlauf og skógarbotn.

Bragð: Eins og í ilminum. Sjaldan stöm, en oftast meðalfyllt og fersk vín, krydduð, mjúk og berjarík.

Ræktun: Aðallega í Bourgogne. Annarstaðar, vesturströnd Bandaríkjanna, í Chile, Austur-Evrópu, Þýskalandi, Austurríki, og Nýja Sjáland.

Verður best í þurru og ekki allt of heitu loftslag.

Passar með: Mýkri vínin passa með ljósu kjöti eða steiktum fiski. Bragðmikil og krydduð vín með nokkur ár að baki passa vel með villibráð og öðrum bragðmiklum kjötréttum.

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:38 Page 16



FREYÐIVÍNSKOKTEILAR

Það er vinsælt að skála í freyðivíni um áramót. Það getur líka verið skemmtileg tilbreyting að búa til kokteila úr freyðivíni.

Champagne Napoleon

2 cl. appelsínulíkjör
1 cl. appelsínusafi
Fyllt upp með kampavíni eða freyðivíni.

Nelsons Blood

3 cl. rautt portvín
Fyllt upp með kampavíni eða freyðivíni.

Flapper

7 fersk jarðarber
1.5 cl Creme de Cassis
2 ísmolar
Kampavín eða freyðivín
Látið 6 jarðarber, líkjörinn og ísmolana í rafmagnsblandara og blandið þar til vel maukað, hellið í kampavínsglas og fyllið upp með kampavíni eða freyðivíni. Skreytið með jarðarberi.

Frizzantino

1 Sykurmoli vættur í appelsínulíkjör
1 cl campari
Kalt Asti freyðivín
Látið sykurmolann vættann í líkjörnum út í kampavínsglas og hellið campari út í, fyllið upp með Asti.


Kir Royal

3 cl. sólberjalíkjör Creme de Cassis sett í kampavínsglas og fyllt upp með kampavíni eða freyðivíni.

Freyðivín með jarðarberjum

Jarðarber
Freyðivín
Nokkur fersk jarðarber sett í glas og freyðivín hellt yfir. (sjá mynd á forsíðu).

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:39 Page 17



NÝTT Í KJARNA

RAUÐVÍN

Mynd: ©Firefly Production / corbis.com

Hér eru kynntar nýjar tegundir sem komu í kjarna í nóvember og desember.



Santa Carolina Cabernet Sauvignon Reservado

Santa Carolina er löngu þekkt hér á markaði. Nú kemur Reserva vínið í nýjum flöskum með afar glæsilegu útliti, góð gæði vínsins og verðið kemur á óvart. Rauð og svört ber í bland við súkkulaði og pipartóna ásamt sætu kryddi, vanillu og kaniltónum. Geymt á eik í 9 mánuði.

Megineinkenni: Dökkrautt. Meðalfylling, ávaxtaríkt með léttri eik og kryddbragði. Nokkuð stamt.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Chile, Valle de Central Colchagua Valley, Rapel
Framleiðandi:	Vina Santa Carolina S.A.
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Cabernet Sauvignon
Vörunúmer:	00211
Verð:	1150



Santa Helena Siglo de Oro Merlot

Colchauga Valley er í um 150 km suður af Santiago, Chile. Landfræðileg staðsetning og veðrátta skapar þar kjörskilyrði til vínræktunar með vinda Andesfjalla til austurs og sjávarloft Kyrrahafsins til suðurs. Santa Helena Siglo de Oro Merlot er einkar aðgengilegt, höfugt og ljúffengt með langri endingu. Kjörið hvort sem er með ljósu eða dökku kjöti. Passar einnig með kalkún.
Megineinkenni: Dökkrautt. Bragðmikið með krydduðum ávaxtakeim. Nokkuð tanníska.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Chile, Valle Central, Colchagua
Framleiðandi:	Santa Helena Vinos de Chile S.A.
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Merlot
Vörunúmer:	05191
Verð:	1210



Falesco Vitiano

Vitiano frá Falesco var valið Vín mánaðarins í Gestgjafanum (júlí 2004) og fékk 18/20 hjá Steingrími í Morgunblaðinu (11.4.2004) sem sagði m.a. „...þroskuð rauð ber og mikið af dökku súkkulaði, eikin ung, frönsk ... og svo sannarlega mjög góð kaup.“. Jafnframt hefur það verið valið efst á lista yfir ódýr rauðvín frá Ítalíu af bæði Wine Spectator (júní 2003) og Gambero Rosso (haust 2003).
Megineinkenni: Dimmfjólurautt. Kröftugt og tannískt með góðri eik og ungum ávexti.

Árgangur:	2003
Uppruni:	Ítalía, Umbria
Framleiðandi:	Az. Vinicola Falesco
Magn og vínandi:	750 ml 13%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Vörunúmer:	04774
Verð:	1390



Santa Helena Gran Vino Cabernet Merlot

Santa Helena í Chile var stofnað árið 1942 og er í dag einhver virtasti vínframleiðandi Chilebúa. Fyrirtækið státar af um 19.000 hektörum af ræktuðum vínlendum við kjörskilyrði eða yfir 20% af allri vínframleiðslu landsins. Gran Vino línan frá þeim er ung, fersk og ávaxtarík og á það ekki síst við um þetta vín sem unnið er úr 80% Cabernet Saugvignon þrúgunnar og 20% Merlot þrúgunnar.
Megineinkenni: Dökkfjólurautt. Frekar létt með léttum ávexti.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Chile, Valle Central, Colchagua
Framleiðandi:	Santa Helena Vinos de Chile S.A.
Magn og vínandi:	750 ml 13%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Cabernet Sauvignon / Merlot
Vörunúmer:	05202
Verð:	1020

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:39 Page 18



Montes Cabernet Sauvignon Carmenere Limited Sel.

Fyrirtækið Montes SA var stofnað af nokkrum reynslumestu mönnum víniðnaðarins í Chile sem vildu starfa sjálfstætt. Víngerðarmaðurinn Aurelio Montes og vín hans hafa hlotið einróma lof helstu víntímarita og vínsérfræðinga heims. Þéttur bragðmikill ávöxtur, pipar og súkkulaði. Vínið fer vel með lamba- og nautakjöti,einnig með léttari ostum.
Megineinkenni: Dimmfjólublátt. Þurrt, bragðmikið með keim af eik, kryddi, sólberjum og ávöxtum. Mjúkt tannín.

Árgangur:	2003
Uppruni:	Chile, Valle de Central Colchagua Valley, Rapel
Framleiðandi:	Montes S.A
Magn og vínandi:	750 ml 14%
Kjörtími og kjörhiti:	Næstu 2-3 ár, 16-18°C
Berjategund:	Cabernet Sauvignon
Vörunúmer:	05269
Verð:	1190



Santa Ema Carmenere

Vínið er þroskað í frönskum og amerískum eikartunnum í u.þ.b. fjóra mánuði og síðan látið liggja í flöskunni í minnst tvo mánuði áður en það er sett á markað. Vínið er rautt - fjólublátt á lit og þar má finna ávexti, kirsuber og súkkulaði. Hentar einkar vel með öllu kjöti, grillréttum, villibráð og ostum.

Megineinkenni: Dimmfjólurautt. Kröftugt, með þéttum ávexti, sólberjum, kryddi og góðri eik. Nokkuð tanníska.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Chile, Valle del Maipo
Framleiðandi:	Santa Ema Vineyards
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°
Berjategund:	Carmenere
Vörunúmer:	05314
Verð:	1190



Graffigna Malbec

Graffigna Malbec kemur frá San Juan í Argentínu. Litur vínsins er djúpur með óvenju fágað yfirbragð. Ilmurinn er flókinn og kryddaður á meðan bragðið einkennist af mjúku tanníni, plómum og svörtum kirsuberjum. Vinið er frábært með grillmat af ýmsu tagi s.s. kjúkling, lambi og grís. Krafturinn í víninu gerir það að verkum að það passar sérstaklega vel með bragðmiklum mat.

Megineinkenni: Dökkrautt. Höfugt, með krydduðum ávexti.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Argentína, San Juan
Framleiðandi:	Satiago Graffigna
Magn og vínandi:	750 ml. 13,2%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°
Vörunúmer:	05378
Verð:	990



Pujol Cotes du Roussillon Domaine de la Rourede

Vínið er úr þremum þrúgum (syrah, grenache og carignan) og er 12,5% af styrkleika. Vínið er óeikað. í nefi er það kryddað, með kanil og negul, ilmar af vel þroskuðum vínberjum, sólberjum og sveskjum. Í munni er það vel uppbyggt með gott jafnvægi, frekar ferskt og meðal tanníska. Kryddað og með keim af svörtum berjum. Frábært með svínakjöti/lambakjöti.
Megineinkenni: Dökkrautt. Bragðmikið og höfugt, með keim af sultuðum rauðum ávöxtum og pipar. Nokkuð stamt.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Frakkland, Cotes du Roussillon, Languedoc-Roussillon
Framleiðandi:	J.L. Pujol
Magn og vínandi:	750 ml 12,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16°C
Berjategund:	Syrah, grenache, carignan
Vörunúmer:	05416
Verð:	1190



Pujol Rivesaltes Vintage

Styrkt vín úr rauðri grenache þrúgu, ræktuð án stuðnings. Vínið er 15,5% og þannig mun þægilegra og mýkra en flest púrtvín. Í nefi eru sykurhúðaðir ávextir og kirsuber. Í munni er gott jafnvægi, sveskjur og vel þroskuð dökk ber, örlítið tannín, langt eftirbragð. Upplagt sem fordrykkur og einnig með eftirréttum úr ávöxtum eða mildu súkkulaði. Passar einnig með þungum kjötréttum og ostum.
Megineinkenni: Dökkryðbrúnt. Kröftugt, sætt og þétt með margslungnu, krydduðu og sultuðu ávaxtabragði.

Árgangur:	1999
Uppruni:	Frakkland, Languedoc-Roussillon, Rivesaltes
Framleiðandi:	J.L. Pujol
Magn og vínandi:	750ml, 15,5%
Kjörtími og kjörhiti:	Geymist í nokkrar vikur eftir opnun, 14°
Berjategund:	Grenache
Vörunúmer:	05492
Verð:	2090



Casillero del Diablo Merlot

Þetta margrómaða vín kemur frá stærsta framleiðanda Chile, Concha Y Toro, en han var nýverið valinn besti framleiðandi nýja heimsins af hinu virta tímariti *Wine Enthusiast*. Dimmrautt á litinn. Ilmur minnir á kirsuber og plómur. Í munni má finna vott af súkkulaði og kryddi, mótað af ristaðri eik. Casillero skorar 89 stig af 100 mögulegum í víntímaritinu Wine & Spirit, og má því segja að um mjög góð kaup sé að ræða.
Megineinkenni: Dökkfjólurautt. Frekar bragðmikið, ávaxtaríkt með sólberja- og eikarkeim og léttri stemmu.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Chile, Valle de Central, Rapel Valley
Framleiðandi:	Vina Concha y Toro S.A.
Magn og vínandi:	750ml, 13,5%
Vörunúmer:	05938
Verð:	1260

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:39 Page 19



Two Oceans Shiraz

Distell fyrirtækið er í dag stærsta vínfyrirtæki Suður-Afríku. Það varð til þegar tvö fyrirtæki sameinuðu krafta sína í einu stóru og öflugu fyrirtæki. Distell framleiðir allar helstu tegundir vína þ.m.t. sterkt áfengi, líkjöra ýmiskonar og bjór.
Two Oceans Shiraz er ávaxtaríkt vín í góðu jafnvægi, tónað af mildri eik. Fellur vel að ljósari kjötréttum og ekki síður sem einfalt og gott neysluvín
Megineinkenni: Dökkfjólurautt. Rífleg meðalfylling, mjúkt með keim af kirsuberjum, jörð, leðri, eik og tjöru.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Suður Afríka, Western Cape
Framleiðandi:	Distell
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	Drekkist ungt, næstu 1-2 árin, 16-18°C
Vörunúmer:	08836
Verð:	990



Frescobaldi Castiglioni

Frescobaldi er einn af þekktari vínframleiðendum á Ítalíu. Þetta Chianti vín er einfalt og aðgengilegt unnið úr Sangiovese þrúgunni 90% og Merlot 10%. Geymt í stáltönkum þannig að ferskleikinn ræður ferðinni í þessu vel gerða víni. Plómur og kirsuber og góð fylling ásamt aðlaðandi ilmi einkenna vínið.
Kjörhitastig : 16-18

Megineinkenni: Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt með léttum ávexti.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Ítalía, Chianti, Toskana
Framleiðandi:	Marchesi de' Frescobaldi
Magn og vínandi:	750 ml 12,5%
Berjategund:	Sangiovese, Merlot
Vörunúmer:	08873
Verð:	1210



Gran Feudo Crianza

Frá Navarra kemur þetta Crianza-vín, gert úr Tempranillo, Garnacha og Cabernet Sauvignon. Framleiðandinn er fyrirtækið Bodegas Julian Chivite sem að var kosið víngerð ársins 2000 á Spáni. Gott jafnvægi, kirsuber og kryddaður ávöxtur, geymt í 12 mánuði á franskri og ameríkskri eik.

Megineinkenni: Ljósrúbínrautt. meðalfylling, ferskt og þurrt, með fínlegum blómlegum ávaxta- og eikarkeim.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Spánn, Navarra
Framleiðandi:	Bodegas Julian Chivite
Magn og vínandi:	750 ml 12,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Vörunúmer:	09086
Verð:	1090



Trapiche Pinot Noir Oak Cask

Þetta vín er framleitt eingöngu úr Pinot Noir þrúgunni. Það hefur verið geymt í 9 mánuði á eikartunnum og svo á flöskum í 6-9 mánuði. Vínið er fallega rúbínrautt, þægilegur keimur af þroskuðum ávöxtum, fyllt og mjúkt bragð. Þetta vín er gott til neyslu núna en má vel geyma í nokkur ár. Á vel við lamb, kryddaða rétt, pasta og osta.

Megineinkenni: Rautt. Rífleg meðalfylling, ávaxta- og steinefnaríkt með grösugum sveitakeim.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Argentína, Mendoza
Framleiðandi:	Bodegas Trapiche
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Berjategund:	Pinot Noir
Vörunúmer:	03955
Verð:	1190



Familia Simonetti Syrah

Vínið kemur frá ítalska fyrirtækinu Calatrasi á Sikiley. Fyrirtækið er að leggja grunn að stórveldi með landvinningum í Túnis í Norður-Afríku. Þar hafa menn lagt vinnu við að endurvinna gamla víngarða og koma með nýjar þrúgur eins og Syrah. Vínið er eingöngu framleitt úr Syrah þrúgunni og er djúprautt, ávaxtaríkt, mjúkt og rúnnað í bragði. Á vel við nautakjöt, lamb, önd og osta.
Megineinkenni: Dumbrautt. Góð fylling með grösugum, krydduðum og bökuðum ávexti. Létt stemma.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Túnis, Monag
Framleiðandi:	Accademia del Sole
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Berjategund:	Syrah
Vörunúmer:	04261
Verð:	1090



Clos de L'Oratoire des Papes

Flókin angan. Krydd, lakkrís, dökk ber, ríkulegt vín sem hentar sömuleiðis með ríkulegum mat; hreindýrasteik, nautalundum og fille, rjúpu og villibráðakæfum.

Megineinkenni:
Ryðrautt. Góð fylling, með mildum krydduðum og bökuðum ávexti. Stamt eftirbragð.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Frakkland, Rhone, Chateauneuf-du-Pape
Framleiðandi:	L.Amouroux
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Vörunúmer:	04810
Verð:	1990

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:39 Page 20



Catena Malbec

Mjög milt, svört kirsuber, villisveppir, dökkt súkkulaði í bragði. Eftirbragðið er mjúkt og langt. Hentar vel með Nautasteik, villibráð, lambi og ostar.

Megineinkenni:
Dökkfjólublátt. Bragðmikið, þurrt með eik og þéttu ávaxtabragði. Nokkuð tanníska.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Argentína, Mendoza
Framleiðandi:	Bodega Catena Zapata
Magn og vínandi:	750 mll 14%
Vörunúmer:	05087
Verð:	1590



Yellow Tail Cabernet Sauvignon

Vottur af mintu í sambland við sólber, súkkulaði og vanillu. Hentar vel með íslenska fjallalambinu, piparsteik, folaldakjöt og kjötforréttum.

Megineinkenni: Dökkfjólublátt. Góð fylling, mjúkt með sætkrydduðum ávexti.

Árgangur:	2004
Uppruni:	Ástralía - Suð-Austur Ástralía
Framleiðandi:	Casella Wines
Magn og vínandi:	750ml 13,5%
Berjategund:	
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°
Vörunúmer:	05128
Verð:	1290



Delicato Shiraz

Delicato Family Vineyards hlaut þann heiður að vera kosin besti framleiðandinn 2003 í Kaliforníu. Fjólurautt, mjög fínlegt með mjúku mintu-bragði. Ending frábær, með góðum sultuðum ávexti og örlitlum aniskeim. Vínið hentar vel matargerð sem hefur að geyma sætt meðlæti eins og sykurbrúnaðar kartöflur og sultum. Gott eintak með villibráðinni. Vínið er gert til að njóta strax.
Megineinkenni: Dökkfjólublátt. Meðalfylling, mjúkt með sætkrydduðum ávaxta- og eikarkeim.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Bandaríkin, Kalifornía
Framleiðandi:	Delicato Family Vineyards
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Berjategund:	Shiraz
Vörunúmer:	06401
Verð:	1220



Pasqua Montepulciano d'Abruzzo

Rauð og svört ber í bland við kryddtóna, ferskt og afar aðgengilegt vín með fínlegri sætu. Passar vel með einföldum ítölskum mat s.s. pítsum, pasta og pottréttum eða bara eitt og sér.

Megineinkenni: Fölrautt. Létt, sýruríkt með krydduðum ávaxtakeim.

Árgangur:	2003
Uppruni:	Ítalía, Abruzzo
Framleiðandi:	Pasqua
Magn og vínandi:	1500 ml 12%
Vörunúmer:	08514
Verð:	1590



Santa Helena Gran Vino

Megineinkenni: Dökkrautt. Góð fylling með grösugum krydd- og ávaxtakeim. Létt eik og létt stemma.

Uppruni:	Chile
Framleiðandi:	Vinos de Chile S.A.
Magn og vínandi:	3000 ml 13%
Kjörtími og kjörhiti:	Eftir opnun um 6 vikur, 16-18°C
Vörunúmer:	05188
Verð:	3430



Robertson Winery Cabernet Sauvignon

Ljósrauður og léttur. Ákveðið berjabragð, aðallega bláber. Vínið er hreint og tært og stendur vel undir nafni þrúgunnar. Lambakjöt og aðrir léttir, ljósir réttum eru góðir kostir með þessu víni, auk mjúkra osta. Njótið strax.

Megineinkenni: Rautt. Meðalfylling með mildum ávaxta- og jarðarberjatón og léttu kryddi

Uppruni:	Suður Afríka
Framleiðandi:	Robertson Winery
Magn og vínandi:	3000 ml 13,5%
Berjategund:	Cabernet Sauvignon
Kjörtími og kjörhiti:	Eftir opnun 4-6 vikur, 16-18°C
Vörunúmer:	07607
Verð:	3690

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:39 Page 21

VINBUD.IS

Á heimasíðunni vinbud.is færðu upplýsingar um allar vörutegundir sem Vínbúðir ÁTVR bjóða upp á. Þar er hægt að sjá í hvaða Vínbúð varan fæst, með hvaða mat hvert vín hentar. Einnig er hægt að leita eftir víntegundume ftir matarflokkum. Síðast en ekki síst er hægt að panta vöruna og fá hana senda heim.



Oc Cuvée 178 Merlot

Þetta frábæra vín kemur frá Frakklandi.
OC Cuvée 178 Merlot er gríðarlega mjúkt og gott rauðvín sem gengur við öll tilefni. Það er auðdrekkanlegt, með ljúfum berjakeim. Mjög vinsælt rauðvín og hentugt að kaupa það á þriggja lítra kassa.

Megineinkenni: Dökkrúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, sýruríkt með keim af jarðarberjum, dökkum ávöxtum og steinefnum.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Frakkland, Oc, Languedoc-Roussillon
Framleiðandi:	Joseph Duvernay B.P
Magn og vínandi:	3000 ml 13%
Kjörtími og kjörhiti:	Eftir opnun um 6 vikur, 16-18°C
Vörunúmer:	05365
Verð:	3980



Yellow Tail Chardonnay

Mjúkur og ávaxtarríkur angan af ferskju, vanilla og kókoshnetu. Nett kremaður með ristuðum tón í bragði

Megineinkenni: Ljósgrænt. Rífleg meðalfylling, þurrt, mjúkt og ávaxtaríkt með blómlegum keim og léttri eik.

Árgangur:	2004
Uppruni:	Ástralía, Suð-Austur Ástralía
Framleiðandi:	Casella Wines
Magn og vínandi:	750 m 13%
Kjörtími og kjörhiti:	Eftir opnun 4-6 vikur, 8-10°C
Berjategund:	Chardonnay
Vörunúmer:	05129
Verð:	1290



Peter Lehmann Wildcard Chardonnay

Peter Lehmann er einn af gömlu refunum í Barossa-dalnum. Gengur oft undir nafninu Barónninn af Barossa. Hann hóf störf í víngerð árið 1947, en 1986 varð hið eiginlega Peter Lehmann fyrirtæki til. Ferskt og aðgengilegt vín,suðrænir ávaxtatónar, fellur vel að fersku sjávarfangi og öðrum léttari réttum og salötum.

Megineinkenni: Ljósgrængult. Meðaflylling, þurrt með mjúkum og grösugum ávexti.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Ástralía, Suður Ástralía
Framleiðandi:	Peter Lehmann
Magn og vínandi:	750 ml 13%
Kjörtími og kjörhiti:	Drekkist ungt, 8-10°C
Vörunúmer:	05245
Verð:	1090



Delicato Chardonnay

Delicato Family Vineyards hlaut þann heiður að vera kosin besti framleiðandinn 2003 í Californiu. Litur vínsins er fallega gullinn. Í angan þess finnst ilmur af sítrónum og perum. Það er góð fylling í vínu og í þroskuðu ávaxtabragði þess hefur ferskur ananas vinninginn. Vínið hefur langt eftirbragð með karmellu- og vanillukeim. Vínið hentar vel með flestum fiskréttum. Létt eikað,mjög kremað og þroskað í bragði.

Megineinkenni: Fölgult. Rífleg meðalfylling, þurrt og mjúkt með mildri eik og léttum ávexti.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Bandaríkin, Kalifornía
Framleiðandi:	Delicato Family Vineyards
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Berjategund:	Chardonnay
Vörunúmer:	06399
Verð:	1220

Hitastig vína

Freyðivín: 4-10°C
Hvítvín: 5-13°C
Rósavín: 5-7°C
Rauðvín: 12-20°C
Styrkt vín: 8-18°C

Venjulegur ísskápshiti er í kringum 3-5°C og kælir vín um 4°C á klst. Óopnuð flaska hitnar um 4-5°C á stofuborði á klst.

Vinbla i 7.qxd 15.12.2004 15:39 Page 22



Egils Gull

Megineinkenni: Gullinn. Tæp meðalfylling. Þurr og ferskur, með blómlegum kornkeim. Létt beiskja.

Uppruni:	Ísland
Framleiðandi:	Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Magn og vínandi:	330 ml 5%
Vörunúmer:	01446
Verð:	153



Löwenbrau

Ferskleiki, nokkuð bragðmikill, góð fylling. Fáir eru eins tignarlegir og frískandi eins og hinn virti þekkti Löwenbrau bjór.

Megineinkenni: Ljósgulinn. Meðalfylling, þéttur með blómlegum humlakeim og meðalbeiskju.

Uppruni:	Þýskaland
Framleiðandi:	Löwenbrau AG
Magn og vínandi:	500 ml 5,2%
Vörunúmer:	01468
Verð:	198



Bavaria

Ljósgullinn. Meðalfylling, þétt og langt bragð. Lítil beiskja.

Megineinkenni: Gullinn. Tæp meðalfylling, þurr og ferskur með léttum humla og kornkeim. Lítil beiskja.

Uppruni:	Holland
Framleiðandi:	Bavaria
Magn og vínandi:	500 ml 5%
Vörunúmer:	05333
Verð:	149



Warsteiner

